



Reykjanesbær, 24.febrúar 2022

158. fundur íþróttá- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar, haldinn á bæjarskrifstofu Reykjanesbæjar að Tjarnargötu 12 fimmtudaginn 24. febrúar 2022 kl. 16:30.

Viðstaddir: Eva Stefánsdóttir formaður, Birgitta Rún Birgisdóttir, Birgir Már Bragason, Jón Haukur Hafsteinsson og Alexander Ragnarsson.

Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðslusviðs og Hafþór Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi sem jafnframt ritaði fundargerð. Guðbergur Reynisson formaður ÍRB boðaði forföll.

### Fundargerð

\*\*\*\*\*

#### 1. Samningur við GS um rekstur púttvalla við Mánaflöt 2022 (2022021092)

Samningurinn lagður fram og samþykktur.

#### 2. Samningur við GS um barna- og ungmennastarf 2022 (2022021093)

Samningurinn lagður fram og samþykktur.

#### 3. Ungmennaþing í Reykjanesbæ - niðurstöður (2020120187)

Hjörtur Magni Sigurðsson verkefnastjóri barnvæns sveitarfélags mætti á fundinn í gegnum fjarfundabúnað og kynnti stöðu mála varðandi framkvæmd og niðurstöður Ungmennaþings Reykjanesbæjar sem var haldið þann 7. október 2021.

Íþróttá- og tómstundaráð þakkar Hirti Magna Sigurðssyni fyrir greinargóða kynningu.



#### **4. Samningur við Hestamannafélagið Mána um barna og ungmenastarf 2022 (2022021105)**

Samningurinn lagður fram og samþykktur.

#### **5. Umsóknir í Forvarnarsjóð Reykjaneshæjar (2022010429)**

- a) Umsókn Heiðarskóla í Forvarnarsjóð til að bjóða upp á fræðslu um skaðsemi fíkniefna fyrir nemendur í 8. – 10. bekk. Fyrirlesari er Magnús Stefánsson.
- b) Umsókn unglingsaráðs körfuknattleiksdeildar UMFN til að bjóða upp á námskeið í þjálfun á hugrænni færni svo sem einbeitingu, tilfinningastjórnun, sjálfsstjórn og áhugahvöt leikmanna. Fræðslan verður í höndum Hreiðars Haraldssonar íþróttasálfraðiráðgjafa hjá Haus hugarþjálfun.

Íþrótta- og tómstundaráð samþykkir erindin.

#### **6. Námskeið fyrir börn með mismunandi stuðningsþarfir (2021010632)**

Ungmennafélag Njarðvíkur og Keflavík íþrótta- og ungmennafélag bjóða sameiginlega upp á námskeið fyrir börn með mismunandi stuðningsþarfir sem hefst 27. febrúar nk.

Íþrótta- og tómstundaráð vill koma á framfæri miklu hrósi til félaganna og óskar þeim til hamingju með grásrótarverðlaun KSÍ.

Íþrótta- og tómstundaráð í samstarfi við lýðheilsuráð vinnur að því að skipuleggja opna fjölskyldutíma í samvinnu við Keflavík íþrótta- og ungmennafélag og UMFN.

#### **7. Nettóvöllur vestan Reykjaneshallar (2021050329)**

Hafþór Barði Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi kynnti hugmyndir um frágang á Nettóvelli vestan Reykjaneshallar. Gert er ráð fyrir að kaupa varamannaskýli, markatöflu, og litla stúku sem rúmar 300 manns.

Íþrótta- og tómstundaráð felur starfsfólk ráðsins að halda áfram með verkefnið í samstarfi við umhverfissvið.



## **8. Starfsáætlun fræðslusviðs 2022 (2022021114)**

Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðslusviðs kynnti starfsáætlun fræðslusviðs fyrir árið 2022.

Íþróttar- og tómstundaráð þakkar fyrir góða kynningu og metnaðarfulla starfsáætlun.

## **9. Visitreykjanæsbaer.is (2022021138)**

Íþróttar- og tómstundaráð fagnar nýrri vefsíðu, visitreykjanæsbaer.is og hvetur íþróttar- og tómstundahreyfinguna til að vera duglega að koma á framfæri þeim viðburðum sem fram undan eru t.d. Nettómótinu sem ráðgert er að fari fram 9. – 10. apríl nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið 18.30.